

Athugasemdir við frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn

Með bréfi dags. 24. mars 2011 var óskað eftir umsögn Landspítala um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 575. mál. Óskað var eftir að svör bærust fyrir 4. apríl 2011 en var Landspítala veittur frestur til og með 12. apríl 2011. Eftirfarandi er umsögn Landspítala.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

II. kafli

Löggiltar heilbrigðisstéttir

1. mgr. 5. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins er kveðið á um heimild til að ákveða starfssvið heilbrigðisstéttar og afmörkun þess í reglugerð. Landspítali telur nauðsynlegt að reglugerðir sem þessar verði settar og því afar mikilvægt að setning þeirra dragist ekki. Jafnframt þykir ekki rétt að nota orðið afmörkun á starfssviði þar sem merking þess er neikvæð á þann hátt að hún dregur athygli að því sem heilbrigðisstarfsmönnum ber ekki að gera. Því er lagt til að lok 1. mgr. 5. gr. orðist svo: „Kveða skal á um starfssvið viðkomandi heilbrigðisstéttar í reglugerð.“

8. gr.

1. mgr.

Lagt er til að löggilding nýrra sérfræðigreina verði ekki bundin við samsvörun á viðurkenndum alþjóðlegum vettvangi. Verði ákvæðinu leyft að standa óbreyttu er verulega þengt að veitingu sérfræðileyfa hinna ýmsu starfsgreina, t.d. í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum.

1. og 2. mgr.

Tilteknar heilbrigðisstéttir hafa nú þegar gert það að skilyrði að viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður stundi tiltekinn hluta af sínu sérfræðinámi með formlegum hætti á Landspítala. Þykir því rétt að taka sérstaklega fram í ákvæðinu að ráðherra hafi samráð við Landspítala þegar kveða skal á um löggildingu sérfræðigreina. Því er lagt til að haft verði samráð við landlækni, viðkomandi fagfélag, heilbrigðisvísindasvið háskólanna og Landspítala.

1. mgr. 11. gr.

Lagt er til að heimild til útgáfu starfsleyfis til læknanema verði bundið við starfsleyfi lækna. Ákvæðið orðist því svo: „Landlæknir má, ef nauðsyn krefur, veita þeim sem lokið hafa a.m.k. 2/3 hlutum

fullgilds náms í læknisfræði tímabundið starfsleyfi til lækninga til að sinna tilteknum störfum í heilbrigðisþjónustu þar sem menntun viðkomandi nýtist, enda uppfylli umsækjandi önnur skilyrði laga þessara.“

III. kafli

Réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna

13. gr.

1. mgr.

Í ákvæði 13. gr. frumvarpsins er fjallað um faglegar kröfur og ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna. Landspítali leggur til að í þessu ákvæði verði jafnframt fjallað um jafnan rétt sjúklinga til meðferðar óháð kyni, kynhneigð, trúarbrögðum, litarhætti, stöðu o.fl. Lagt er til að eftirfarandi málsgrein verði bætt við ákvæðið: „Heilbrigðisstarfsmanni er skylt að veita öllum sjúklingum sem til hans leita meðferð og aðhlyningu án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu sjúklings að öðru leyti.“

3. mgr.

Lagt er til að ákvæðið orðist svo: „Læknir ber ábyrgð á læknisfræðilegri meðferð og greiningu sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur umsjón með. Aðrir heilbrigðisstarfsmenn bera, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til þeirra leita eða þeir hafa umsjón með. Um upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanns gagnvart sjúklingi fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.“

4. mgr.

Í þessari málsgrein er kveðið á um að heilbrigðisstarfsmanni beri skylda til að virða faglegar takmarkanir sínar og leita aðstoðar og vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt og mögulegt er. Í ákvæðinu er ekki fjallað um hver hefur eftirlit með þessu og telur Landspítali þörf á að bæta þar úr með tilvitnun um eftirlit landlæknis.

14. gr.

Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild heilbrigðisstarfsmanns til að skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðileg viðhorf hans, enda sé tryggt að sjúklingur fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Landspítali leggur til að þetta ákvæði verði felld úr frumvarpinu

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ákvæðið er byggt á 8. gr. læknalaga. Læknalög eru frá árinu 1988 og hefur samfélagið og mynd þess breyst á þessum árum. Heilbrigðisstarfsmönnum ber skylda til þess að sinna öllum þeim er til þeirra leita sbr. t.d. 1. og 3. gr. laga um réttindi sjúklinga. Fyrra ákvæðið kveður á um að óheimilt er að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Samkvæmt síðara ákvæðinu á sjúklingur rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita. Ákvæði 14. gr. takmarka þessi réttindi sjúklinga.

Í frumvarpinu segir að skilyrði þess að heilbrigðisstarfsmaður skorist undan störfum sé að tryggt sé að sjúklingur fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. En hver er það sem metur hvort sjúklingurinn fær

nauðsynlega heilbrigðisþjónustu? Er það sami starfsmaður og hefur skorast undan að veita honum meðferð/aðhlyningu?

Landspítali telur að rekstur sjúkrahússtofnana geti orðið allt að ómögulegur fái ákvæðið að standa. Um er að ræða miklar takmarkanir á réttindum sjúklinga, sbr. umfjöllun að ofan, og því réttast að fella þær úr lögnum.

15. gr.

2. mgr.

Lagt er til að samráð við landlækni verði ekki skilyrði þess að heilbrigðisstofnun geti sett reglur um bann við notkun heilbrigðisstarfsmanna á áfengi eða öðrum vímuefnum tiltekinn tíma áður en vinna þeirra hefst. Þegar er gert ráð fyrir að landlæknir geti sett bindandi fyrirmæli þar að lútandi skv. 5. gr. laga um landlækni. Landspítali telur ekki vera þörf á samráði við landlækni við setningu slíkra reglna.

18. gr.

2. mgr.


Hér er kveðið á um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að veita ráðuneyti nauðsynlegar upplýsingar vegna meðferðar og úrlausnar stjórnsýslumála. Ákvæði 17. gr. um trúnaðar- og þagnarskyldu takmarka ekki upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanna samkvæmt þessu ákvæði. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þessi skylda sé þegar fyrir hendi en ástæða þyki til að árétta hana sérstaklega í lögum.

Landspítali telur að orðalag ákvæðisins sé allt of víðtækt. Unnt er að túlka það á þá leið að ráðuneyti geti til dæmis krafist trúnaðarupplýsinga frá heilbrigðisstarfsmanni varðandi tiltekinn sjúkling að því tilskyldu að það hafi stjórnsýslumál til meðferðar og úrlausnar. Í ákvæðinu er ekki tekið fram hvers kyns upplýsingar átt er við og getur það því allt eins átt við sjúkraskrárupplýsingar einstaklinga. Ákvæðið er jafnframt alveg úr takti við önnur ákvæði er varða þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna, sbr. t.d. 3. mgr. 18. gr. laganna sem kveður á um vitnaskyldu en þar er dómsúrskurður skilyrði þess að upplýsingar verði veittar.

Landspítali leggur því til að orðalag ákvæðisins verði þrengt verulega og fleiri skilyrði en meðferð og úrlausn stjórnsýslumáls verði sett fyrir veitingu upplýsinganna.

Landspítala, 11. apríl 2011

f.h. Landspítala


Helga Þórðardóttir, lögfræðingur

